

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Smiðju við Tjarnargötu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. mars 2025

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021 (samræming við EES-reglur), 129. mál**

Félag atvinnurekenda (hér eftir „FA“) vísar til umsagnarbeiðni umhverfis- og samgöngunefndar, dags. 6. mars sl., um ofangreint mál á þingskjali 130. FA gerir eftirfarandi athugasemdir.

Gullhúðun, og þ.a.l. afhúðun, hefur verið áberandi í þjóðfélagsumræðunni síðastliðna mánuði. Líkt og tekið er fram í greinargerð með frumvarpinu lét þáverandi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra gera skýrslu þess efnis hvort gullhúðun hefði átt sér stað á málefnasviði ráðuneytisins á tímabilinu 2010-2022 en á því tímabili var gullhúðun beitt í 41% tilvika, eða 11 frumvörpum. Í kjölfarið skipaði utanríkisráðuneytið starfshóp um aðgerðir gegn gullhúðun EES-gerða í janúar 2024 en starfshópurinn skilaði skýrslu til utanríkisráðherra í júní sl. þar sem var m.a. fjallað um tillögur til úrbóta.

Frumvarpið miðar að því að afnema óþarfa kröfur um umhverfismat sem nú má finna í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021. Kröfurnar voru settar með gullhúðun án þess að sérstök ástæða hafi verið fyrir því á sínum tíma og kemur m.a. fram í greinargerð með frumvarpinu að engin efnisrök séu til staðar til að gera ríkari kröfur en finna má í tilskipun. Því hafi verið ákveðið að hverfa frá þeirri gullhúðun sem er í gildandi lögum.

FA styður frumvarpið heilshugar og vonar að umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, ásamt öðrum ráðuneytum, haldi áfram vegferð sinni er varðar gullhúðun og afhúðun. Að mati FA er um brýnt hagsmunamál að ræða þar sem gullhúðun getur haft slæm áhrif á íslenskt atvinnulíf þegar ekki er þörf á því.

Virðingarfyllst,



Birta Sif Arnardóttir, lögfræðingur